

Íhlutamælir On/Off rofi



Verkmenntaskólinn á Akureyri

2023

Verkmenntaskólinn á Akureyri
Rafdeild



Efnisyfirlit

Íhlutamælir.....	3
On/Off rofi:.....	3
Veróborð	3
Rofinn	4
Gatið / Skarðið	4
Festingar.....	5



Íhlutamælir

On/Off rofi:

Reynslan hefur sýnt að þegar nemendur eru með íhlutamælinn í töskunni sinni er hann að kveikja á sér í tíma og ótíma með þeim afleiðingum að rafhlaðan endist afar stutt. Til að leysa þetta og lengja endingu rafhlöðunar datt einhverjum í hug að bæta on/off rofa við mælinn. Þessa hugmynd er núna búið að útfæra og hér eru leiðbeiningar um hvernig það er gert.



Veróborð

Auðvitað megið þið útfæra þetta eins og þið viljið en það má nota þessar leiðbeiningar og fara eftir þeim.


T.d. er hægt að nota veróborð sem er c.a. 33 x 13 mm eða 5 x 13 göt á stærð. Síðan þarf að bora 3mm göt fyrir skrúfurnar. **Passið hvernig rendurnar liggja.**






Rofinn

Rofinn er með þrjá enda því í honum eru tvær snertur, normal opin (NO) og normal lokuð (NC). Pinninn í miðjunni er sameiginlegur (COM, eða common). Í sjálfu sér skiptir ekki máli hvoru megin við miðjuna þið tengið hinn vírinn, það fer bara eftir því í hvora áttina þið viljið að sé ON. Lítið mál er að mæla rofann og sjá hvor snertan er opin og hvor er lokuð.




Rofinn er svo staðsettur í miðja plötuna og lóðaður fastur.



Gatið / Skarðið

Rofinn sjálfur er 8,5 x 3,7 mm en skarðið þarf að vera aðeins stærra. Gott er að hafa það 9 x 4,7 til 5mm. Hann þarf að komast niður fyrir efstu brúnina sem sést á myndinni.

Það getur verið gott að nota skífmál til að merkja fyrir skarðinu.





Þegar búið er að gera skarðið er heppilegt að leggja plötuna utan á húsið til að gott sé að merkja fyrir götunum.

Festingar


Þegar platan er svo fest er passlegt að nota 3 x 10 mm skrúfur með kökuhaus. Það er gott að láta kökuhausinn standa út úr því þá vernda þeir takkann á rofanum.

Það er svo fínt að setja 3 skífur á milli plötunar og plasthússins til að rofinn verði sléttur við (sjá mynd).

Setja svo spenniskífu undir rónna til að hún losni ekki.



Þá er bara að lóða víra í rofann. Plús (rauður) frá rafhlöðunni í miðjuna og svo rauðann frá rofa yfir í prentplötuna. Ekki skiptir máli hvoru megin á rofann er lóðað, það breytir bara hvoru megin on og off eru.



Að lokum er svo gott að merkja og/off svo það sé á hreinu.

